

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 13. maí 2016

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Þórleifur V. Friðriksson, Bjargey G. Gísladóttir og Þóra Elfa Björnsson. Svanur, Heimir og Baldvin forfallaðir. Fundurinn var haldinn í prentsmiðjunni Guðjónó.

- 1) Formaður setti fundinn. Hann skýrði frá för sinni og Þóru Elfu til Eyrarbakka daginn áður og fundi þeirra með Jóhanni Jónssyni. Geymslurými í Gónhóli á Eyrarbakka er tilbúið að taka við munum til geymslu og er hægt að byrja strax að flytja muni þangað og allt fram til 1. ágúst. Allt þarf að vera á brettum og yfirbreiðslur að fylgja með. Haukur sér um flutning. Minnt á að skrá sögu munanna o.fl áður en þeir fara úr húsi. Þá var staðfest að ekki verður tekin leiga fyrir geymsluna heldur er þetta stuðningur Jóhanns við hugmyndina um Prentsögusetur.
- 2) Rætt um ýmis atriði, s.s. um upphaf munanna í geymslu Þjóðminjasafnsins í Dugguvogi. Kannað verður betur með þau mál á næstunni. Minnt á skanna og leturkassa í Tækniskólanum. Þá eru vélar hjá Birgi í Prentval, miðaprentvél Kjartans Pálssonar og sitthvað fleira sem þarf að flytja austur.

Ritari: Þóra Elfa Björnsson